


**Stutt greinargerð um náttúrufar við fyrirhugaða Ljósárvirkjun,  
Neðridal, Rangárþingi eystra**

## **Inngangur**

Náttúrustofa Suðurlands var fengin til að skoða aðstæður við fyrirhugaða Ljósárvirkjun í landi Neðridals, vestast undir Eyjafjöllum, og meta hugsanleg áhrif hennar á umhverfið. Ekki var farið í nákvæma kortlagningu á lífríki eða jarðfræði svæðisins, þess í stað var gengið um svæðið með landeiganda þann 19. október síðastliðinn. Eftir það var farið í að leita heimilda. Auk leiðsagnar landeiganda var stuðst við tillögu að deiliskipulagi fyrir Ljósárvirkjun á heimasíðu Íslenskra Orkuvirkjana <sup>1</sup> og því er ekki farið í nákvæma lýsingu á framkvæmdinni hér.

## **Greinargerð**

Fyrirhugað er að virkja nokkra smálæki í landi Neðridals sem renna niður fjallshlíðina norðaustur af Fagrafelli vestast undir Eyjafjöllum<sup>2</sup>. Berggrunnurinn er að mestu móberg og eru ekki neinar merkar jarðminjar á svæðinu. Svæðið er nokkuð vel gróið og munu framkvæmdir valda raski á gróðri meðan á framkvæmdum stendur. Ástæða þess er að fara þarf með vinnuvélar upp að stíflustæðum og á milli þeirra til að grafa niður aðveiturör. Mikilvægt er að allur frágangur verði þannig úr garði gerður að ekki skapist hætta á rofi að framkvæmdum loknum. Vatn seitlar víða út úr hlíðinni. Þess utan er ekki áætlað að nýta allt tiltækt vatn og því á ekki að vera hætta á að hlíðin þorni upp fyrir neðan stíflustæðið. Mikilvægt er að vel verði fylgst með svæðinu fyrstu árin eftir að framkvæmdum lýkur svo hægt verði að bregðast við ef rof hefst.



1. mynd. Yfirlitsmynd sem sýnir Neðridal og áhrifasvæði fyrirhugaðrar virkjunar.

<sup>1</sup> Ljósárvirkjun í landi Neðridals í Rangárþingi Eystra. Tillaga að deiliskipulagi.

<http://www.iov.is/io/is/verkefni/ljosarvirkjun/>

<sup>2</sup> Mynd 1

Líklegt er að a.m.k. þúfuttlingur, hrossagaukur og stelkur verpi á svæðinu og fari framkvæmdir fram á varptíma munu þær valda truflun meðan á þeim stendur. Ekki er ástæða til að reikna með neinum varanlegum áhrifum á fuglalíf.

Efnistaka verður úr núverandi efnisnámu í Fagrafelli sem er í landi Neðridals. Sú efnisnáma er mjög áberandi í landslaginu og erfitt er að sjá hvernig hægt verður að ganga frá henni þegar efnistöku lýkur. Ekki verður séð að sú viðbótarefnistaka sem verður vegna fyrirhugaðrar virkjunar breyti neinu þar um.

Engin friðlýst svæði eru í námunda við fyrirhugaða Ljósárvirkjun og svæðið er hvorki á náttúruminjasrá<sup>3</sup>, þar sem listaðar eru náttúruminjar sem rétt þykir að vernda, né á náttúruverndaráætlun<sup>4</sup>. Nokkur svæði í næsta nágrenni eru á náttúruminjasrá. Það eru Litla og Stóra Dímon, Nauthúsagil fyrir innan Stóru mörk, Tjarnir og Tjarnarnes og loks Seljalandsfoss og Gljúfrabúi. Fyrirhugaðar framkvæmdir munu engin áhrif hafa á þessi svæði.

Nákvæm úttekt á gróðri í landi Neðridals hefur líklega ekki farið fram en í þeim gróðurreit (10\*10 km) sem landið tilheyrir finnast tvær plöntur sem skráðar eru á Válista 1 sem tegundir í yfirvofandi hættu<sup>5</sup>. Önnur þeirra, loðgresi, er samkvæmt upplýsingum frá Náttúrufræðistofnun Íslands ekki lengur talin í yfirvofandi hættu en hin er þyrnirós, sem einnig er friðlýst samkvæmt lögum um náttúruvernd<sup>6</sup>. Samkvæmt upplýsingum frá Náttúrufræðistofnun Íslands er skráður fundarstaður þyrnirósar talsvert langt frá fyrirhuguðu virkjunarsvæði.

### **Niðurstaða**

Ásýnd svæðisins í heild mun breytast nokkuð ef af framkvæmdum verður. Í stað hvítfyssandi Ljósár, kemur vegur upp með ánni að inntakinu og verður vegurinn nokkuð áberandi til að byrja með. Þar sem umferð verður lítil sem engin að framkvæmdum loknum má reikna með að vegurinn safni gróðri og falli því betur inn í umhverfið með tímanum. Sama má segja um raskið sem verður vegna lagningar aðveiturörsins. Þau sár ættu að gróa og koma til með að verða lítt áberandi með tímanum ef vel er gengið frá að framkvæmdum loknum. Stíflurnar í Ljósár- og Berjatungulæk verða sýnilegar en ekki áberandi. Vatnsmagn í Þrasafossum verður einnig mun minna en nú er. Stöðvarhúsin munu falla á milli, eða rétt utan við þær byggingar sem þegar eru á svæðinu.

Í heildina er ekki gert ráð fyrir að fyrirhuguð virkjun hafi mikil áhrif á umhverfið. Helstu áhrifin eru sjónræn og erfitt að setja sig upp á móti einni slíkri virkjun.

<sup>3</sup> Náttúruverndarráð 1996. Náttúruminjasrá. Skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar. Reykjavík 7. útgáfa, 64 bls.

<sup>4</sup> Náttúruverndaráætlun 2004-2008.

<sup>5</sup> Válisti 1. plöntur. Náttúrufræðistofnun Ísland, Reykjavík 1996.

<sup>6</sup> Lög 44/1999

---

Ingvar Atli Sigurðsson  
28. nóvember 2005.